

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/3/EB

frá 9. janúar 2006

um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB um textílheiti

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB frá 16. desember 1996 um textílheiti ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 16. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 96/74/EB eru settar reglur um merkingu á vörum, með tilliti til innihalds textíltrefja í þeim, sem eiga að tryggja að hagsmunir neytenda séu varðir. Óheimilt er að setja textílvörur á markað í Bandalaginu nema þær uppfylli ákvæði þeirrar tilskipunar.
- 2) Í ljósi nýlegra niðurstaðna frá tæknilegum vinnuhópi er nauðsynlegt að bæta trefjunni elastómultiester við skrána yfir trefjar í I. og II. viðauka við tilskipun 96/74/EB í því skyni að aðlaga hana að tækniframförum.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 96/74/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilskipanir um textílheiti og merkingar textílvara,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 96/74/EB:

1. Eftirfarandi 45. lína bætist við í I. viðauka:

„45	elastómultiester	trefjar sem eru myndaðar með gagnvirkni tveggja eða fleiri efnafræðilega ólíkra, línulegra stórsameinda í tveimur eða fleiri aðskildum þrepum (þar sem engin fer yfir 85% miðað við massa) sem innihalda esterahópa sem ráðandi starfræna einingu (a.m.k. 85%) og sem, eftir viðeigandi meðhöndlun, skreppa fljótt saman og að verulegu leyti í upphafslengd sína þegar þær eru teygðar í eina og hálfu upphaflega lengd sína og sleppt“
-----	------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

2. Eftirfarandi 45. færsla bætist við í II. viðauka:

„45	Elastómultiester	1,50“
-----	------------------	-------

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. janúar 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. janúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 32, 3.2.1997, bls. 38. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/34/EB (Stjttíð. ESB L 89, 26.3.2004, bls. 35).